

675. mál, lagafrumvarp 📄

154. löggjafarþing 2023–2024

Jakob sigurðsson

16 febrúar 2024

Ég rek Fjórhjólaævintýri ehf sem hefur ekki getað starfað frá 10 Nón 2023 vegna Náttúruhamfara og takmörkun á aðgengi til bæjarins.Ég geri athugasemd við þennan lið.

Um 1. mgr. Lagt er til að rekstrarstuðningur jafngildi rekstrarkostnaði umsækjanda þann almanaksmánuð sem umsókn varðar eða margfeldi þriggja stærða, eftir því hvor fjárhæðin er lægri

Þar sem við höfum ekki tekjur þá höfum við þurft að lágmarka allan rekstrarkostnað og höfum frestað þessum kostnað þar til við hefjum rekstur aftur það er því lítið um rekstrarkostnað í þeim almanaksmánuði sem sótt er um og óraunhæft að fara eftir því.Þessi kostnaður hverfur ekki og þurfum við að standa skil á honum seinna eins og með greiðslur af lánum.Því tel ég rétt að taka þetta ákvæði út eða miða við rekstrarkostnað fyrirtækis í almanaksmánuði sem restur er með eðlilegur hætti td 2023 fyrir 10 Nón

Við höfum ekki bara tapað öllum tekjum heldur þurfum við að endurgreiða ferðir sem voru bókaðar.

Fjórhjólaævintýri rekur einnig vetrargeymslur fyrir 170 stk ferðavagna og töluverður fjöldi fólks fór fram á að fá tækið sitt úr geymslum og treystir sé ekki til að geyma sín verðmæti í Grindavík.Þessir aðilar fara fram á endurgreiðslu.

Gildistími fyrir stuðninginn er of stuttur og ætti að lágmarki að ná út ágúst 2024.

Það er nauðsynlegt að fyrirtæki og lögaðilar fái líka sama möguleika og einstaklingar með uppkaup á fasteign.

Lánamál:Það er nauðsynlegt að gæta þess að fyrirtæki fái sömu meðferð með niðurfellingu vaxta á meðan á frystingu stendur eins og einstaklingar.

Virðingarfyllst

F.h Fjórhjólaævintýri ehf

Jakob Sigurðsson